

HUGRÆN SÁLFRÆÐI OG SKYNJUNARSÁLFRÆÐI E-215-HSKY



Ár: 1. ár.

Önn: Vorönn.

Tegund námskeiðs: Skylda (kjarnanámskeið).

Undanfarar: Engir.

Skipulag: 4 stundir á viku í 12 vikur.

Kennari: Kamilla Rún Jóhannsdóttir.

Lýsing: Í þessu námskeiði verður fjallað um skynkerfin, ferli skynjunar sem og hugræna úrvinnslu skynjunar. Farið verður meðal annars í sjón- og heyrnarskynjun; sjónskynjun lita; fjarlægðar- og þrívíddarskynjun; hreyfiskynjun og tónhæðar- og hávaðaskynjun. Tekin verða til skoðunar ólík líkön um úrvinnslu þekkingar, fjallað um skipta og óskipta athygli sem og mismunandi kenningar um athygli. Einnig verður fjallað um kennsl hluta og mynstra. Námskeiðið byggir fyrst og fremst á fyrirlestrum en einnig er áhersla lögð á umræður í tíma og verkefnavinnu.

Lærdómsviðmið: Að námskeiði loknu á hver nemandi að geta:

Þekking

- Útskýrt starfsemi og virkni skynkerfanna.
- Útskýrt úrvinnslu skynjunar og virkni hugkerfa svo sem athygli.
- Nefnt og útskýrt helstu kenningar og hugtök sem fjalla um skynjun og úrvinnslu skynjunar.
- Greint á milli og borið saman kenningar.
- Gert skil á þeim rannsóknaraðferðum sem notaðar eru til að skoða virkni skynkerfanna.

Leikni

- Hugsað og greint frá hvaða frekari rannsóknir er vert að framkvæma fyrir ákveðin tilvik.
- Gert grein fyrir því hvaða áhrif það hefur þegar skynkerfi og/eða úrvinnsla skynjunar virkar ekki.

Hæfni

- Nýtt þekkingu sína á skynjun til þess að útskýra og vinna með nýtt efni.

Námsmat: Verkefni, tímapróf, umræðutímar og lokapróf.

Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, hópvinna og umræðutímar.

Tungumál: Íslenska.

ECTS: 6.